

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 þriðjudaginn 1. desember 2020, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Steinunn Heba Finnsdóttir, Örn Arnarson, Þórdís Bjarnadóttir varamaður og Tómas Árdal varamaður. Edda Hrund Guðmundsdóttir var fjarverandi.

Áheyrnarfulltrúar: Álfhildur Leifsdóttir SSNV og Hilda Jana Gísladóttir SSNE

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri, Björn H. Reynisson, Halldór Óli Kjartansson og Hjalti Páll Þórarinsson.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Formaður sagði frá því að Edda Hrund væri hætt í stjórn MN þar sem hún er ekki lengur starfandi í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Hún skilaði góðri kveðju til stjórnar, sem jafnframt þakkaði samstarfið og vel unnin störf. Þetta þýðir að Þórdís tekur sæti Eddu sem aðalmaður í stjórn. Formaður fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

## 1. Áfangastofur - staðan

Framkvæmdastjóri sagði frá stöðunni varðandi stofnun áfangastaðastofa. Viðræður eru í gangi milli SSNV, SSNE, Ferðamálastofu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um útfærslu um samningi þar um. MN hefur unnið og lagt fram gögn og tillögur inn í þá vinnu. Vonir standa til þess að það náist að klára samninga fyrir áramót.

## 2. Áfangastaðaáætlun - umræður

Björn fór yfir drög að áfangastaðaáætlun fyrir Norðurland til næstu þriggja ára. Um er að ræða nýja áætlun sem kemur í stað eldri áætlunar frá júní 2018. Áfram eru tiltekin lykilverkefni á hverju svæði að tillögum frá viðkomandi sveitarfélögum. Hins vegar hefur MN meiri áhrif á það nú en áður hvernig þessi áætlun lítur út og er hún skrifuð með það að markmiði að hún nýtist sem best sem stefnumótandi gagn fyrir starf MN. Búið að bæta inn markvissari markaðsáætlun, byggða á gögnum sem safnað hefur verið á undanförunum misserum. Stærsta rannsókn sem unnin hefur verið í ferðaþjónustu á Norðurlandi, sem unnin var að frumkvæði MN, hefur reynst gríðarlega mikilvæg í þeirri vinnu.

Umræður. Stjórn lýsir yfir ánægju með vinnuna og samþykkir áfangastaðaáætlunina.

Björn vék af fundi.

## 3. Fjármál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu fjármála MN. Þar kom fram að staðan í dag er nokkuð nálægt uppfærðri áætlun. Samtals hafa um 20 fyrirtæki hætt í samstarfinu á árinu, flest vegna covid eða breytinga á starfsemi. Nokkur hafa komið í staðinn. Meirihluti þeirra sem hafa sagt upp samstarfi stefna að því að koma aftur inn þegar tekjustreymi fer aftur af stað.

#### 4. Markaðsmál

Framkvæmdastjóri kynnti helstu markaðsverkefni í vinnslu:

- Herferðir í bið fram í jan/feb.
- Ný vefsíða afhent fyrir áramót, sem veitir nýja og aukna möguleika.
- Sveitir Norðurlands verkefnið að verða tilbúið.
- Bakendinn á Upplifðu kerfinu er að verða tilbúinn, verið að ljúka samningum við Íslandsstofu um rekstur Upplifðu.
- Saman í sókn – stóra markaðsverkefni Íslandsstofu – fer af stað 8. desember.
- Þátttaka í rafrænum sýningum og vinnustofum.
- Hringingar í samstarfsfyrirtæki MN til að taka stöðuna .
- Undirbúningur á verkefni um sjálfbærni.
- Taste North Iceland – verkefni um matarferðamennsku - er að verða tilbúið.
- Verið að setja um ACW skilti í Hrísey og Grímsey.
- Jóladagatal á samfélagsmiðlum.
- Flugklasinn – unnið að því að fá leyfi fyrir búbbuferðamennsku á tímum Covid
- Flugklasinn – unnið að greiningu á mörkuðum í Evrópu m.t.t. aukins leiguflugs

Framkvæmdastjóri kynnti líka nýja vörumerkjahandbók MN. Staðlar varðandi letur, logo og notkun var unnið af Effekt, en ímyndaráherslur voru unnar af Cohn&Wolfe í samstarfi við MN.

#### 5. Önnur mál

Halldór mætti á fundinn.

Umræður um stöðu skíðasvæðanna á Norðurlandi. Sigrún lýsti áhyggjum af komandi skíðavertíð, m.a. vegna óvissu um nýja lyftu í Hlíðarfjalli ofl. Halldór sagði frá vinnu innan Ski Iceland verkefnisins og möguleika Norðurlands til sóknar á þeim vettvangi.

Halldóri og Hjalta falið að skrifa ályktun/áskorun til sveitarfélaga sem standa að rekstri skíðasvæða á Norðurlandi, í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl 15:25.

Fundarritari HPP